

Fegurð er fátt

Málverkin öll eru myndir af förðunarvörum með dýpri merkingar.

Verkefni nemenda í 9. bekk vorið 2025

Katla Lena, Sara Dís og Rakel kara

Verk 1: Jörðin sem púðurdós

Þetta verk táknar jörðina sjálfa og áhrifin sem loftslagsbreytingar hafa á hana. Í málverkinu sjáum við skemmda púðurs jörð. Þetta verk er nátengt heimsmarkmiði 15, líf á landi og heimsmarkmiði 14, líf í vatni. Ef við gerum ekki eitthvað til að bjarga jörðinni okkar, munum við lifa í framtíð þar sem búið er valda varanlegum skaða. Eins og listaverkið sýnir er jörðin nú þegar að skemmast á hátt sem við getum ekki tekið til baka.

Verk 2: Varalitur að bráðna

Þetta verk táknar hækkandi hita í loftslagi jarðar. Jörðin hefur verðið að hitna mikið síðastliðin árin og mælist hitastigið nú það hæsta sem hefur mælst í sögu jarðar. Við getum tengt verkið með heimsmarkmið 13, aðgerðir í loftslagsmálum. Á verkinu sjáum við varalit sem er að bráðna sem táknar hækkandi hitastig.

Verk 3: Litapalletta með fánum

Þetta verk táknar mismun landa í loftslagsmálum. Það er staðreynd að sum lönd gera mikið meira en önnur lönd til að efla

loftslagsmál. Það er ósanngjarnt að löndin sem gera mesta skaðan þurfa oft ekki að hugsa um afleiðingarnar jafn mikið miðað við viðkvæmari lönd. Listaverkið táknar mismuninn með því að sýna að sum löndin eru meira “notuð” en önnur. Ríku löndin eru ónotuð og “fullkomin” en fátækari löndin og löndin sem eru viðkvæmari fyrir loftslagsbreytingum eru meira notuð og sóðaleg. Þú getur tengt heimsmarkmið 1 engin fátækt, 16 friður og réttlæti og 17 samvinna um markmið við þetta málverk.